



Afallsvatn frá Kröfluvirkjun

Þóroddur F. Þóroddsson, Snorri Páll Snorrason

Greinargerð ÞFP-SPS-80/06

Varðar: Affallsvatn frá Kröfluvirkjun.

Að beiðni Rarik-Kröfluvirkjunar, hefur Orkustofnun hafið rannsóknir og eftirlit á affallsvatni frá Kröfluvirkjun samkvæmt tilmælum Náttúruverndarráðs þar að lútandi. Unnið er skv. tillögum vinnuhóps Náttúruverndarráðs frá 80-01-07.

Dagana 21-23 júní síðastliðinn voru undirritaðir starfsmenn OS-JKD við vatnajarðfræðilega könnun og mælingar í borholu 1 í Búrfellshrauni.

Vatnajarðfræði var einkum athuguð á svæði frá Vogum, upp sunnan Hverfjalls suður að Villingafjalli og austan Hverfjalls norður og austur frá Lúdent. Á fyrr nefnda svæðinu voru könnuð mót heita og kalda grunnvatnsins vestan Hverfjalls og leitað að vatni í gjám (Grjótagjá, Helgagjá o.fl.) vestan Hverfjalls og suður frá því. Vatn fannst all víða og voru hælur settir við nokkra staði sem hugsanlega yrðu notaðir til eftirlits (vatnsborð, hiti, efnainnihald). Mjög fróðlegt væri að fá grunnvatnshæð á þessum stöðum sem fyrst.


Austan Hverfjalls og norðaustur frá Lúdent var reynt að gera sér grein fyrir legu bergskrokka og hrauna með tilliti til þess hvort líklegt væri að grunnvatnsstráumur væri til vesturs, norðan við Lúdent.

Mælingar voru gerðar í borholu 1 í Búrfellshrauni og tekin sýni til efnagreiningar í samvinnu við Halldór Ármannsson og Trausta Hauksson OS-JHD og Egil Sigurðsson Kröfluvirkjun. Í tillögum vinnuhóps Náttúruverndarráðs var gert ráð fyrir að mælt yrði í holunni á 6 vikna fresti og var þá miðað við eftirlitsáætlun OS-JHD. Sú áætlun hefur nú breyst lítilega og er gert ráð fyrir að mælingarnar fylgi henni. Næsta mæling verður því í seinni hluta ágúst og munu starfsmenn OS-JHD sjá um hana. Hæð holustútsins hefur nýlega verið mæld 351.71 m.y.s.

Á fundi með Einari Tjörva Eliassyni yfirverkfr. og Gunnari Inga Gunnarssyni staðartæknifr. var að ósk þeirra ákveðið að setja síritann í Hlíðardalslæk nokkru ofar í lækinn en gert var ráð fyrir í rannsóknaráætluninni. Verið er að ganga frá síritanum um þessar mundir og er hann staðsettur skammt ofan þess sem lækurinn rennur gegnum gamla veginn. Staðsetningunni var breytt til hagræðis við eftirlit og í samræmi við stefnu Kröfluvirkjunar að dreifa mannvirkjum sem minnst um dalinn.

Lindir þær sem komu fram ofan Skarðssels eru nú þurrar og því ekki ástæða til að binda sig við fyrri staðsetningu af þeim sökum. Hins vegar er mælt til þess að fylgst verði með því hvort vatn fer að koma þarna fram á ný og tilkynna það til OS-JKD.

Virðingarfyllt



Þóroddur F. Þóroddsson


Snorri P. Snorrason

Samrit sent:

Náttúruverndarráð.